

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Alþingi

Erindi nr. P 127/529

komudagur 17.12.2001




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2001

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál, heildarlög.

Frumvarpið var flutt á 126. löggjafarþingi, en er nú endurflutt með nokkrum breytingum. Með bréfi, dags, 30. apríl sl., gaf BSRB umsögn sína við fyrra frumvarpið. Ekki er hægt að sjá að athugasemdir BSRB hafi verið teknar til greina í því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Ítrekar BSRB því fyrri umsögn sína og er hún hjálögð bréfi þessu.

F.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir

Hjálagt: umsögn BSRB, dags. 30. apríl 2001

Reykjavík 30. apríl 2001

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál.

BSRB telur þetta frumvarp til mikilla bóta og styður samþykkt þess í öllum meginatriðum. Þó vill BSRB gera athugasemdir við tvö atriði í frumvarpinu:

- a) 8. gr. 1. mgr: Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi.

Í skýringum með þessari grein er gert ráð fyrir þröngri túlkun undantekningarákvæðisins í seinni hluta málsgreinarinnar. Engin rök eru hins vegar færð fyrir þessari nær ófrávíkjanlegu meginreglu um að atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til Íslands. Með þessu er komið í veg fyrir að útlendingur, sem kemur hingað í fyrstu sem ferðamaður eða í heimsókn, geti framlengt dvöl sína og sótt um vinnu, nema hann fari úr landi og komi aftur, þótt engar aðrar ástæður mæli gegn atvinnuleyfi handa honum. Erfitt er að sjá hvaða tilgangi það á að þjóna.

Þessi athugasemd á í raun einnig við um 6. gr. 1. mgr. þar sem atvinnuleyfi er skilyrt því að dvalarleyfi liggi fyrir, en skv. frv. til laga um útlendinga, 344. mál, (10. gr.), sem nú liggur fyrir Alþingi, er dvalarleyfi einnig háð því að það hafi verið gefið út áður en komið er til landsins.

- b) 25. gr. Félagsmálaráðherra skal skipa samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Það hlýtur að teljast eðlilegt að BSRB eigi fulltrúa í þessari nefnd. BSRB er annað stærsta samband launfólks á Íslandi með um 18 þúsund félaga um allt land. Æ algengara er að sótt sé um atvinnuleyfi handa útlendingum í

starfsgreinum sem heyra undir BSRB og aðildarfélög þess. Það getur ekki heldur talist óeðlilegt að samtök launafólks eigi tvo fulltrúa í þessari nefnd.

Afstaða BSRB byggist á tveimur grundvallaratriðum, annars vegar frelsi fólks til ferða, búsetu og atvinnu og hins vegar á því að kjör og réttindi launafólks séu tryggð. Bregðast þarf við vandamálum sem upp geta komið vegna flutninga fólks milli landa og vinnu útlendinga hér á landi með jákvæðum lausnum eða fyrirbyggjandi úrræðum án þess að stöðva eðlilega þróun þess að fólk flytjist í auknum mæli og sækji vinnu milli landa. Það verður meðal annars gert með því að hafa lög og reglur eins ítarlegar og þörf er á og eins skýrar og einfaldar og unnt er. Umsagnarréttur verkalyðshreyfingarinnar og aðkoma hennar að þessum málaflokki er sérlega mikilvægur til að tryggja að kjör og réttindi launafólks séu að fullu virt, jafnt útlendinganna sem hingað sækja vinnu og þeirra sem fyrir eru.

F. h. BSRB



Svanhildur Halldórsdóttir